

FW: Vegna fyrirspurnar um Póstbox á Stokkseyri og Eyrabakka.

Til : Rósa Sif Jónsdóttir
Frá : Gísli Halldór Halldórsson
CC : Helga María Pálsdóttir
Heiti : FW: Vegna fyrirspurnar um Póstbox á Stokkseyri og Eyrabakka.
Málsnúmer : 1904119
Málsaðili : Íslandspóstur ohf.
Skráð dags : 24.05.2019 15:55:48
Höfundur : Gísli Halldór Halldórsson

Viðhengi image001.pngimage001.png

From: Hannes S. Guðmundsson
Sent: föstudagur, 24. maí 2019 10:53
To: Gísli Halldór Halldórsson
Subject: Vegna fyrirspurnar um Póstbox á Stokkseyri og Eyrabakka.

Takk fyrir bréfið og ég afsaka sein svör.

Almennt séð er þökkum og skráðum sendingum ekið heim til búa á Stokkseyri og Eyrarbakka og hefur það gengið nokkuð vel að koma þeim út í fyrstu ferð. Ef ekki tekst að koma út sendingum þá bjóðum við fólki að hringja inn og biðja um sérstakan akstursdag sem þeim hentar betur og því er í raun lítil þörf á að sækja pakka á Selfoss. Ég skil þó vel að það sé áhugi fyrir svona boxum og höfum við fundið fyrir áhuga frá fleiri sveitafélögum um að fá svona box.

Rétt er að póstafræðslum var lokað á þessum stöðum fyrir allmörgum árum og gerðar voru þær breytingar að sendingum var ekið beint heim til fólks. Ég tel mig vita það að almennt líki fólki vel sú þjónusta og oftast betur að fá sendingar beint heim heldur en þurfa reiða sig á að þurfa að koma á litla afgreiðslustaði sem eru oftast með takmörkuðum afgreiðslutíma. Allavega hafa kannanir sýnt fram á það að þar sem Póstbílur hafa verið teknir upp er almenn ánægja með þá, þó að vissulega séu alltaf einhverjir óánægðir með breytingar.

Íslandspóstur hefur sett upp 8 póstbox og eru þau öll á höfuðborgarsvæðinu. Þau eru hinsvegar nokkuð dýr í innkaupum og staðan í dag er sú að við erum ekki alveg í þeirri aðstöðu að geta boðið uppá þessa þjónustu að sinni í minni bæjarfélögum. Við erum hinsvegar að skoða hvort að hægt sé að fara í samstarf við aðila á staðnum, t.d. verslanir með rúman afgreiðslutíma, sem geta hugsanlega sinnt þeirri þjónustu að afhenda skráðar sendingar (eingöngu) á ódýran, einfaldan og öruggan máta. Slík þjónusta á að geta komið í stað póstboxa í bæjarfélögum af ákveðinni stærð. Þessi vinna er enn á byrjunarreit en við þökumst áfram með verkefnið, en auðvitað þarf að klára tæknilegar lausnir og finna og

semja við samstarfsaðila.

KVEDJA
HANNES GUÐMUNDSSON
FORSTÖÐUMAÐUR REKSTRARÞRÓUNAR

PÓSTHÚSASVIÐ
SÍMI: 580 1000 | BEINN SÍMI: 580 1264 | GSM 825 1264 | hannesg@postur.is



STÓRHÖFÐA 29 | 110 REYKJAVÍK | SÍMI: 580 1000 | FAX: 580 1299 | POSTUR.IS | [FYRIRVARI/DISCLAIMER](#)